

## Fundargerð

213. fundur Heilbrigðisnefndar Norðurlandssvæðis eystra var haldinn miðvikudaginn 5. febrúar að Furuvöllum 1, Akureyri kl. 13.30

### Dagskrá:

1. **Fundargerð síðasta fundar borin upp, samþykkt og undirrituð**
2. **Auglýsing og ráðningarferli vegna starfs heilbrigðisfulltrúa með aðsetur á Húsavík**

Umsóknarfrestur rennur út þann 10. febrúar n.k. og ákveðið var að formaður heilbrigðisnefndar og framkvæmdastjóri taki viðtöl við umsækjendur sem fullnægja kröfum skv. auglýsingu.

3. **Salmonella mengun á kjúklingabúi, aðkoma heilbrigðiseftirlits**

Alfreð Schiöth skýrði frá förgun á salmonellamenguðum kjúklingi í framhaldi af sýkingu sem kom upp á alifuglabúi. Umhverfisstofnun hefur unnið nýjar verklagsreglur vegna slíks úrgangs og var farið með úrganginn til urðunar á viðurkenndum urðunarstað. Mikilvægt er að eiga brennsluúrræði fyrir sóttmengaðann úrgang og brýnt að koma upp slíkum úrræðum vegna sýkinga í búpeningi, s.s. vegna riðusjúkdóma og einnig vegna áhættuvefja sem falla til í slátur- og kjötvinnslum víðs vegar um landið.

4. **Alvarleg matareitrun á Akureyri, rannsóknir og forvarnir**

Alfreð Schiöth skýrði frá aðkomu heilbrigðisfulltrúa að alvarlegu botulisma tilfelli hjá einum einstaklingi og sérhæfðum rannsóknum á matvælum úr heimilishaldi í þeim tilgangi að upplýsa tilvikið. Unnið er að rannsókn málsins í samstarfi við sóttvarnalækni og Matvælastofnun. Ekki hefur tekist að rekja eitrunina í ákveðin matvæli.

5. **Frumvarp til breytinga á lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir og umsagnir**

Alfreð Schiöth framkvæmdastjóri skýrði frá umsögnum Samtaka heilbrigðiseftirlitssvæða á Íslandi (SHÍ) vegna áforma um að leggja niður starfsleyfis- hjá ákveðnum atvinnugreinum og taka upp skráningarskyldu í stað starfsleyfisskyldu ásamt því að gera breytingar á verkaskiptingu milli Umhverfisstofnunar og heilbrigðisnefnda. SHÍ hefur lýst verulegum efasemdum um þessi áform, m.a. vegna hættu á aukinni miðstýringu, auknu flækjustigi og auknum kostnaði, beinum og óbeinum, þegar upp er staðið.

### Umsagnir:

1. **Tillögur að breytingu aðalskipulags Norðurlands 2010 og nýtt deiliskipulag vegna fiskeldis á Röndinni á Kópaskeri**

Þorkell Björnsson heilbrigðisfulltrúi kynnti umsögn og helstu atriði sem þarf að hafa sérstaklega í huga.

## 2. Umsögn vegna breytinga á aðalskipulagi og deiliskipulagi á Hóla- og Túnahverfi á Dalvík

Alfreð Schiöth heilbrigðisfulltrúi kynnti umsögn varðandi breytingu á skipulagi íbúðabygðar.

## 3. Álit umboðsmanns Alþingis varðandi fjarlægingu númerslausra bifreiða af einkalóðum.

Alfreð Schiöth framkvæmdastjóri kynnti álit Umboðsmanns Alþingis varðandi fjarlægingu bifreiða á einkalóðum þess efnis að rétt sé að kanna a.m.k. hjá eigendum fasteignar hvort vitað er hver er eigandi bifreiðar, m.a. í þeim tilgangi að geta tekið upplýsta ákvörðun hvort tilefni er til að draga slíkar bifreiðar á brott. Gert er ráð fyrir að Úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála takið umrætt deilumál aftur fyrir og þá hefur verið óskað eftir því að Umhverfisstofnun gefi út samræmda verklýsingu fyrir tilvik sem þessi.

### Umsóknir um starfsleyfi:

1. Akureyrarbær kt. 410169-6229, Geislagötu 9, 600 Akureyri fyrir endurnýjun á starfsleyfi fyrir Leikskólinn Kiðagil, Kiðagil 9, 603 Akureyri. **Samþykkt til 12 ára.**
2. Coca-Cola European Partners Ísland kt. 470169-1419, Furuvöllum 18, 600 Akureyri, umsókn um endurnýjun á starfsleyfi; bjór og gosdrykkir. Nýr rekstraraðili. **Samþykkt til 12 ára.**
3. HR ehf (Strikið) kt. 670715—0430, veitingastaður, Skipagötu 14, 600 Akureyri. Nýr rekstraraðili. **Samþykkt til 12 ára.**
4. Gæðabakstur (Kristjánsbakarí) kt. 550595-2499 Akureyri, umsókn um endurnýjun starfsleyfis vegna eigendaskipta. **Samþykkt til 12 ára.**
5. Drekahraun kt. 410216-1080, Hvassaland 2, 601 Akureyri, orlofshús. **Samþykkt til 12 ára með fyrirvara um lokaúttekt.**
6. Gregdalvík ehf kt. 691111-0910, Goðabraut 3, 620 Dalvík, endurnýjun. **Samþykkt til 12 ára.**
7. Kaffi & List ehf kt. 690802-2870 Kaupvangsstræti/Listasafnið Akureyri, kaffihús. Nýr rekstraraðili. **Samþykkt til 12 ára.**
8. Vatnssveita Staðarbyggðar kt. 570500-2440, Jódísarstöðum 4, 601 Akureyri, endurnýjun. **Samþykkt til 12 ára.**
9. Lasagna and more ehf kt. 430518-0380 Hafnarstræti 103 600 Akureyri, endurnýjun. **Samþykkt til 12 ára.**
10. Elke C Wald, kt. 070368-2269 Miðgarði 4, 640 Húsavík Fl. 2 Gististaður án veitinga. Húsavík Green Hostel, Vallholtsvegi 9, 640 Húsavík. **Samþykkt til 12 ára.**
11. Ferðapjónustan Narfastöðum kt. 620498-2549, 641 Húsavík. Fl, IV- Gististaður með áfengisveitingum. Endurnýjun. **Samþykkt til 12 ára.**
12. Prýði fotaaðgerðarstofa, kt. 220495-3029, Grundargata 11, 620 Dalvík. **Samþykkt til 12 ára með fyrirvara um lokaúttekt.**
13. Tannlæknastofa Árna Páls kt. 231159-4959 Kaupangi v/Mýrarveg 600 Akureyri. **Samþykkt til 12 ára.**
14. Plúmbe ehf kt. 610300-3590, Kaupangi/Mýrarveg, 600 Akureyri. **Samþykkt til 12 ára.**
15. Samherji Ísland ehf, kt. 440400-4340, Sjávarbraut 2, 620 Dalvík. Nýtt fiskvinnsluhús. **Lagt fram til kynningar, umsókn og skilyrði verða auglýst.**
16. Matsmiðjan ehf, kt. 670697-2238, Furuvellir 7, 600 Akureyri, eldhús, útsending. Nýr rekstraraðili. **Samþykkt til 12 ára með fyrirvara um lokaúttekt.**

17. Matsmiðjan ehf, kt. 670697-2238, v/mötuneytis VMA, 600 Akureyri, mötuneyti. Nýr rekstraraðili. **Samþykkt til 12 ára með fyrirvara um lokaúttekt.**
18. Matsmiðjan ehf, kt. 670697-2238, v/matsölu í Hrísalundi, 600 Akureyri. Nýr rekstraraðili. **Samþykkt til 12 ára með fyrirvara um lokaúttekt.**
19. Matsmiðjan ehf, kt. 670697-2238, v/mötuneytis HA, 600 Akureyri, mötuneyti. Nýr rekstraraðili. **Samþykkt til 12 ára með fyrirvara um lokaúttekt.**
20. Götubarinn ehf kt. 640120-0290, Hafnarstræti 96, 600 Akureyri, umfangsmikill veitingastaður (flokkur III). Nýr rekstraraðili. **Samþykkt til 12 ára með fyrirvara um lokaúttekt.**
21. Gistiheimilið Stórholti 1, kt. 050750-3619, gististaður án veitinga (flokkur II). **Samþykkt til 12 ára með fyrirvara um lokaúttekt.**
22. Menico ehf kt. 510510-1270, gististaður án veitinga (flokkur II), Munkaþverárstræti 33, (Fnr 214-9346/214-9347), 600 Akureyri. Endurnýjun. **Samþykkt til 12 ára með fyrirvara um lokaúttekt.**
23. Menico ehf kt. 510510-1270, gististaður án veitinga Möðruvallastræti 5 ( (Fnr. 214-9380/214-9381), 600 Akureyri. Endurnýjun. **Samþykkt til 12 ára með fyrirvara um lokaúttekt.**
24. Jökla ehf kt. 610803-2880, umfangslítill áfengisveitingastaður (flokkur II), Akureyrarflugvöllur, 600 Akureyri. Endurnýjun. **Samþykkt til 12 ára með fyrirvara um lokaúttekt.**
25. Mötuneyti MA kt. 700575-0479 Eyrarlandsvegi 28 600 Akureyri, mötuneyti og þvottahús. **Samþykkt til 12 ára.**
26. Verkval kt. 530887-1709 Miðhúsavegi 4 600 Akureyri, meðhöndlun og flutningur á seyru ásamt fitu- og olíumenguðu vatni og úrgangsolíu (skipaþjónusta). Endurnýjun, aukin starfsemi. **Samþykkt til 12 ára með fyrirvara um lokaúttekt.**
27. CHF ehf (Crossfit Hamar) kt. 450710-0160, Óseyri 4, 603 Akureyri. Flutningur. **Samþykkt til 12 ára með fyrirvara um lokaúttekt.**
28. Björn Halldórsson kt. 240354-2849 og Eiríkur Björnsson kt. 281279-3869 Valþjófsstöðum , Núpasveit við Öxarfjörð, nýting á seyru til uppgræðslu lítt gróinna mela á afgirtu skógræktarsvæði jarðarinnar. **Samþykkt til 12 ára, enda liggja fyrir samþykki Norðurþings og seyra verði hreinsuð fyrir notkun í samræmi við reglur þar um.**

Fleira ekki fært til bókar og fundi slitið kl. 15,20

---

Jón Ingi Cæsarsson

---

Alfreð Schiöth

---

Guðmundur Smári Gunnarsson

---

Þorkell Björnsson

---

Lilja Guðnadóttir

---

Þórey Agnarsdóttir

---

Anna Rósa Magnúsdóttir

---

Oddgeir Sigurjónsson

---

Kristín Halldórsdóttir